



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 132/885
komudagur 17.2.2006

LHG/016/9.6 /DS/sig
Reykjavík 13. febrúar 2006

**Umsögn Landhelgisgæslu Íslands um
frumvarp til laga um Siglingastofnun Íslands, 375. mál,
fulltrúi skemmtibátaeigenda í Siglingaráði.**

Landhelgisgæsla Íslands gerir ekki athugasemdir við lagafrumvarp þetta en teldi þó æskilegt að Landhelgisgæslan, sem m.a. hefur eftirlit með öryggismálum sjómanna á hafinu, hefði fulltrúa í Siglingaráði.

Við eftirlit á hafinu verða löggæslumenn oft og tíðum varir við hluti sem betur mættu fara og gætu þeir á þessum vettvangi komið með tillögur til úrbóta og tekið þátt í umræðum um öryggismál sjómanna sem eru starfsmönnum Landhelgisgæslunnar mjög hugleikin.

f.h. Landhelgisgæslu Íslands


Dagmar Sigurðardóttir lögfr.

